

# RAFRÆNAR ENDURSENDINGAR

---

## Tilgangur

Parlogis tekur upp rafrænt endursendingarkerfi. Tilgangurinn er að auka rekjanleika og auðvelda viðskiptavinum endursendingarferlið.

Viðskiptavinir munu skrá inn á <https://mitt.parlogis.is/> hverju þeir óska eftir að skila og fá samþykki fyrir skilum áður en varan er send Parlogis. Vinsamlegast tilkynnið innan 3 daga frá móttöku sé óskað eftir því að endursenda rangt afgreidda, rangt pantaða vöru eða vöru sem skemmdist við flutning.

Staðfesting á samþykki endursendingar kemur í tölvupósti og skrá þarf númer endursendingarinnar á pakkninguna áður en hún er send til Parlogis. Hér að neðan eru nánari leiðbeiningar.

**Til að byrja með verður kerfið eingöngu notað fyrir endursendingar lyfja.**

## Aðgengi og innskráning

Krafa er að lyfjafræðingur/læknir beri ábyrgð á endursendingum lyfja og staðfesti að gæði lyfjanna sem á að endursenda séu þau sömu og þegar þau voru móttækin. Því þarf að skrá endursendinguna á notanda ábyrgðaraðila. Ef viðkomandi er ekki með aðgengi að [mitt.parlogis.is](https://mitt.parlogis.is/) er hægt að sækja um á <https://mitt.parlogis.is/>. Ef viðkomandi aðili er ekki með aðgang að endursendingakerfinu er hægt að sækja um það á <https://mitt.parlogis.is/> eða hafa samband við þjónustuver Parlogis ([pantanir@parlogis.is](mailto:pantanir@parlogis.is) eða 590 0210) og biðja um aðgang.

## Pökkun endursendingar

Vinsamlegast pakkið endursendingunni og merkið hana með nafni viðskiptavinar og endursendingarnúmeri. Hægt er að prenta út erindið sem fylgir tölvupóstinum og láta fylgja með sendingunni en einnig er í boði að merkja sendinguna með öðrum hætti en þá er mikilvægt að merkja hana með nafni viðskiptavinar og endursendingarnúmeri.

## Lokasamþykki

Athugið að loka móttökuskoðun fer fram hjá Parlogis. Endursendingin er samþykkt með því skilyrði að pakkningar séu heilar, innsigli séu heil og lyf hafi ekki verið tekin út úr lyfjaauðkenniskerfinu. Sending þarf að berist til Parlogis innan 5 virkra daga frá samþykkt endursendingar.

Parlogis áskilur sér rétt til þess að hafna endursendingu eftir að hún berst til Parlogis.

## Skráning endursendingar

1. Hægt að velja um **+ Ný endursending** og **☰ Skoða endursendingar**.  
Velja þarf „Ný endursending“ til að hefja skráningu.
2. Velja þarf gerð endursendingar. Einungis er hægt að velja eina tegund í einu og hægt er að skrá eins margar línur og þarf.
3. Leiðbeiningar um hverja gerð endursendingar.
4. Skrá inn vöru sem á að endursenda.
5. Hægt er að skrá eins margar línur og þörf er á.
6. Athugasemdarreitir, skýringar á endursendingunni.
7. Hægt er að bæta við viðhengi t.d. ljósmynd.
8. Staðfesta þarf að gæði lyfs séu óskert.
9. Lyfjafræðingur/læknir þarf að staðfesta með númerinu sínu að ofangreindar upplýsingar eru réttar.
10. Mikilvægt er að ýta á hnappinn **Skrá endursendinguna** til að staðfesta.

Þegar búið er að skrá endursendinguna fær notandinn tölvupóst því til staðfestingar með einkennandi númeri endursendingarinnar.

Þegar starfsmaður Palogis hefur samþykkt/hafnað endursendingunni fær viðskiptavinurinn aftur tölvupóst og getur þá sent endursendinguna til Parlogis ef hún hefur verið samþykkt.